

Ad.

382. Breytingartillögur

við frv. til laga um verslun með smjörliki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Fyrsta málsgrein orðist þannig:

Smjör þýðir í lögum þessum feitmeti, sem eingöngu er framleitt úr mjólk, þannig, að strokkaður er litaður eða ólitaður rjómi eða mjólk og afurðin hnoðuð söltuð eða ósöltuð.
 - b. Önnur málsgrein orðist þannig:

Smjörliki telst allt það feitmeti, sem líkist smjöri, er búið til á líkan hátt og það og í er einhver feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur.
 - c. Fyrir orðin »inniheldur aðra« í síðustu málsgr. komi: í er önnur.
2. Við 4. gr.

Síðari málsgrein orðist þannig:
Leyft er að í smjörliki sje allt að 5% smjörfeiti.
3. 7. gr. orðist þannig:

Ostlíki, rjómalíki og mjólkurlíki má ekki selja hjer á landi nema á umbúðunum standi með greinilegu letri orðin: *Ostlíki*, *Rjómalíki* eða *Mjólkurlíki*, eftir því sem við á, ásamt nafni verksmiðjunnar.
4. Við 9. gr.

Greinin orðist þannig:
Í smjörliki má ekki vera meira vatn en 16%.